

## Fundargerð stjórnar Sunddeildar Umf. Selfoss 7. apríl 2008

Mættir voru Guðmundur Jóhannesson, Guðbjörg Árnadóttir, Sigrún Sunna Skúladóttir og Steinunn Aradóttir.

Fundur settur kl. 20. Sigrún stjórnar fyrsta fundi hjá nýrri stjórn.

Varaformaður er kosinn Sigrún Sunna og ætlar hún einnig að aðstoða gjaldkera við störf hans.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar samþykkt og rætt um útgáfu handbókar fyrir næsta haust. Rætt um að senda þurfi póst á foreldra um hvað er framundan í vor. Sigrún tekur að sér að tala við Bryndísi um það.

Steinunn tekur að sér utanumhald á fyrirhugaðri ferð til Vestmannaeyja um hvítasunnu, ræðir við Bryndísi um skipulag og foreldrafund fyrir þessa ferð.

Farið yfir fundargerð aðalfundar.

Farið yfir rekstur 2007 og fjárhagsáætlun 2008, kemur í ljós að hún stenst ekki vegna breytingar á samningi við sveitarfélagið.

Ræddur þjónustusamningur Árborgar og UMFS. Gerð athugasemd við að ekki er minnst á iðkendur í sunddeild þegar talið eru upp hverjir fái frítt í sundlaugar Árborgar. Þarf að taka upp á næsta aðalstjórnarfund.

Skiltin í sundlaug. Guðmundur tekur að sér að búa til yfirlit yfir þau skilti sem þar eru.

Búningamál, samþykkt að kaupa búniga á þjálfara og utanyfir treyju fyrir AMÍ. Guðmundur ætlar að skoða hvort megi selja auglýsingar á búninga og ræða við Örn um samninginn. Ákveðið að fresta búningakaupum á deildina fram á haustið.

Fyrirmyndafélag ÍSí. Guðmundur sýnir drög að handbók fyrir sunddeild, verður send til þjálfara til yfirlstrar og ábendinga. Stjórnin tekur með sér eintak heim til yfirlstrar og ábendinga á næsta fundi.

Guðbjörg ætlar að skipuleggja flöskusöfnunarferð sem farin verður á næstunni. Það söfnuðust 212.000 kr. í síðustu flöskusöfnun. Sendur verður póstur á iðkendur þegar að ferðin er tilbúin.

Sigrún tekur að sér að athuga með „head set“ fyrir þjálfara.

Sigrún ætlar að ræða við Bryndísi um að auglýsa eftir umsjónaraðila með sundskólanum í sumar.

Fundi slitið kl 21:30

Fundargerð rituð af Sigrúnu Sunnu.